

Stærðfræði 1. bekkur

Kennarar: Sigríður Birgisdóttir; Sigurveig Birgisdóttir

1

Skólaárið

Skólaárið 2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Helstu námsþættir í stærðfræði í 1. bekk eru; flokkun, talning, form, mynstur og myndir, tölurnar 1 - 20, mælingar, samlagning og frádráttur. Í upphafi hvernar viku er innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleyðir og skýri lausnferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst - október; flokkun, talning og tölur frá 0 - 10

Október - desember; form og mynstur, tölur frá 0 - 10

Vorönn

Janúar - mars; mælingar, samlagning og frádráttur

Mars - júní; tölurnar 10 - 20, samlagning og frádráttur, form og myndir.

Námsaðlögun

Námið er aðlagð að þörfum þeirra sem ekki ná tökum á því efni sem unnið er með hverju sinni. Notast er við bæði hlutbundið sem og staðlað efni eftir því sem við á hverju sinni.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Í byrjun vorannar er gerð könnun á þeim þáttum sem unnið hefur verið með á haustönn. Í lok skólaárs er skrifleg könnun úr námsefni vetrarins

Námsgögn

Sproti 1a, nemendabók ásamt Sproti 1a, æfingabók. Sproti 1b, nemendabók ásamt Sproti 1b, æfingabók. Húrrahefti. Gagnvirkir vefir, forrit og efni frá kennara.

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024

- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hlutbundin gögn við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt líf

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Tölur og reikningur

- unnið með tölur upp í 20, raðað þeim og borið saman

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um einföld mynstur

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Rúmfræði og mælingar

- notað og beitt aldursamsvarandi hugtökum rúmfræðinnar

AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2024 - Tölfræði og líkindi

- flokkað gögn í viðeigandi flokka og borið saman fjölda í tveimur söfnum